

## Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Ár 2023, þriðjudagurinn, 26. september, var haldinn 41. fundur íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var haldinn í Norðurmiðstöð og hófst kl. 16.35. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Birkir Ingibjartsson, Guðrún Elísabet Ómarsdóttir, Ívar Orri Aronsson og Sigurður Lúðvík Stefánsson. Fundinn sat einnig Kristinn Jakob Reimarsson og Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfsemi Hopp í Háaleitis- og Bústaðahverfi. MSS23090112

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- 16.38 tekur Friðjón R. Friðjónsson sæti á fundinum.
- 16.45 tekur Bjarney Kristín Ólafsdóttir sæti á fundinum.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, dags. 19. september 2023, um lækkun hámarkshraða á Suðurlandsbraut. MSS23090114

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að breyta tafarlaust hámarkshraða við Suðurlandsbraut, úr 60 km/klst niður í 40 km/klst, í samræmi við hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Samfylkingar, dags. 19. september 2023, um mótun framtíðarsýnar um þróun Háaleitisbrautar. MSS23090114

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að mótuð verði skýr framtíðarsýn um þróun Háaleitisbrautar, frá Bústaðavegi að Kringlumýrarbraut, sem lifandi götu- og borgarrými með aukinni áherslu á meiri gróður og góðar aðstæður fyrir fjölbreytta ferðamáta.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis:

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að mótuð verði skýr framtíðarsýn um þróun Háaleitisbrautar, frá Bústaðavegi að Kringlumýrarbraut, sem lifandi götu- og borgarrými með aukinni áherslu á meiri gróður og góðar aðstæður fyrir fjölbreytta ferðamáta. Mótun framtíðarsýnarinnar þarf að vinna í góðu samráði og samtali við íbúa og hagaðila á svæðinu. Sérstaklega þarf að hafa til hliðsjónar flutning bráðapjónustu og starfsemi Borgarspítalans niður að Hringbraut.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Breytingartillagan er samþykkt.

Tillagan er samþykkt svo breytt.

Vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

- 17.54 vikur Bjarney Kristín Ólafsdóttir af fundi.
- 4. Fram fer umræða um hraðakstur í Hæðagarði. MSS22050079

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis leggur fram svohljóðandi bókun:

Hraðakstur í íbúðagötum hverfisins er viðvarandi vandamál. Gegnumakstur og hraðakstur um Hæðargarð er partur af því vandamáli og leggur íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis ríka áherslu á mikilvægi þess að gripið verði til viðeigandi aðgerða til að draga úr umferð og umferðarhraða og auka öryggi óvarðra vegfarenda.

- 5. Lögð fram drög að fundadagatali íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis – haust 2023. MSS22080127  
Samþykkt.
- 6. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034

**Fundi slitið kl. 18:15**

Birkir Ingibjartsson

Ívar Orri Aronsson  
Friðjón R. Friðjónsson

Sigurður Lúðvík Stefánsson  
Guðrún Elísabet Ómarsdóttir